

Leikskólinn Skerjagarður

Starfsáætlun

2020 – 2021



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	4
Greinargerð leikskólastjóra	4
1 Innra mat Ból	7
2 Innra mat Bakka	9
2 Ytra mat	11
3 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	12
4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
5 Foreldrasamvinna	14
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	15
3 Fylgigögn.....	16
3.1 Fylgiskjal 1 - Matsblöð fyrir Ból.....	16
3.2 Fylgiskjal 2- Gátlisti fyrir Ból og Bakka	16
3.3 Fylgiskjal 3- Mat á einkunnarorðum skólans.....	16
3.4 Fylgiskjal 4 – Gátlisti fyrir Lubbastund	16
3.5 Fylgiskjal 5 - Leikskóladagatal.....	16
3.6 Fylgiskjal 6- Umsögn foreldraráðs	16



Leikskólinn Skerjagarður

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Rekstraraðilar eru Söldís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson.

Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla.

Leikskólinn Skerjagarður er tveggja deilda. Á síðasta skólaári voru 50 börn í skólanum, öll í heilsdagsvistun. Á Bóli sem er yngri deildin eru börn á aldrinum sextán mánaða til tveggja og hálfes árs. Á Bakka sem er eldri deildin eru börn á aldrinum tveggja og hálfes árs til sex ára. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira.



Leiðarljós leikskólans:

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“. Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

Greinargerð leikskólastjóra

Á Skerjagarði er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira. Það sem einkennir okkur á Skerjagarði er að við leggjum okkur fram við að skoða okkur í starfi, taka framförum og höfum metnað til að gera faglegt starf betra.

Á síðasta skólaári unnum við markvisst eftir umbótaáætlun ársins á undan. Það má segja að starfsmannahald hafi verið stöðugt kennarar og annað starfsfólk sótti námskeið og fleira sem nýttist vel í starfi. Þó svo það hefur verið takmörkun á skólastarfi vegna Covid, þá hefur verið ánægulegt að sjá hvað starfsfólk hefur verið jákvætt og haldið upp góðu faglegu starfi.

Á þessu skólaári var haldið áfram að vinna með útinám barna og bæta við okkur þekkingu þar. Á starfsdegi fór starfsfólk skólans á ráðstefnu „Leikur að læra“, sem var einstaklega spennandi og fræðandi. Þar voru skemmtilegar kynningar um útinám barna í gegnum leik og hreyfingu. Við erum ánægð með hvað útkennsla er orðin stór hluti af okkar starfi. Hvernig við erum búin að móta okkar áherslur á skapandi og fjölbreyttan hátt með það að leiðarljósi að ýta undir forvitni og áhuga barnanna á náttúrunni og umhverfinu. Við erum meðvituð um hvernig okkur hefur tekist að flétta okkar kennsluhætti saman við grunnþætti menntunnar eins og sjálfbærni, lýðræði og okkar góða skapandi starf. Kennsla barna fer ekki eingöngu fram innan veggja Skerjagarðs heldur nýtum við okkar nánasta umhverfi og náttúru sem hluti af okkar skólastofu, það hefur sýnt sig vel á síðasta skólaári.

Það sem hefur meðal annars vakið áhuga okkar á síðasta skólaári er núvitund barna. Hvernig við getum hjálpað þeim að öðlast betri innri ró og styrkja þau í jákvæðum samskiptum, það er gott veganesti út í lífið. Mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin í tengslum við núvitund eins og t.d kærleikskrukkur. Börnin hafa útbúið sína eigin krukku og lært að nýta þær til hægja á og finna innri frið. Það er ánægjulegt að sjá að börnin eru að notfæra sér þessi verkfæri, eins og einn nemandi sagði frá, að hún hefði þurft að komast inn í leikskólann eina helgina til að ná í sína kærleikskrukku vegna þess að litli bróðir hennar hafi átt svo erfitt með að stjórna skapinu sínu og vantað krukkuna til að róa sig.



Í byrjun haustsins var aðaláherslan með yngri börnunum á Bakka að koma á festu og öryggi, enda fjörugur og skemmtilegur hópur. Áhersla var lögð á sjálfshjálp og að æfa sig að vera í eldri barna hóp. Í hópastarfi var unnið með haustið, börnin gerðu sjálfsmyndir og fengu tækifæri til að kynna sér ýmsan efnivið í listasmiðju. Eftir áramót var unnið með hafið, farið var í fjöruna þar sem gersemar hafsins voru skoðaðar og sjávarfang tekið með í leikskólann. Börnin skoðuðu fuglaspor og far eftir sandormana, þekkingavefur var gerður, fyrsta mynd með skráningu, bækur lesnar og söngvar sungnir. Lögð var áhersla á að ýta undir góð samskipti á milli barnanna, stuðst var við vináttuverkefnið Blæ sem er gott verkfæri að vinna með til að ýta undir jákvæða hegðun og hvernig við viljum að börnin komi fram við hvert annað. Við hvetum alltaf nýja starfsmenn hjá okkur að fara á námskeið svo þeir geti tekið virkan þátt í verkefninu. Gaman hvað vináttuverkefnið er komið inn í allt starf á Skerjagarði enda teljum við mikilvægt að við vinnum markvisst með samskipti milli allra í skólasamfélaginu.

Deildarstarfið á eldri deildinni Bakka fór vel af stað í haust. Mikil dýra áhugi var meðal eldri barnanna á Bakka og var sá áhugi fangaður og unnið út frá könnunaraðferðinni. Hugmyndavefur og markmið voru skráð í upphafi. Sum barnanna vildu vita allt um dýr meðan önnur voru nákvæmari og vildu t.d vita allt um hunda. Börnin fóru í vettvangsferð í Húsdýragarðinn og fengu fræðslu. Bækur skoðaðar, hugmyndir og áhugi barnanna útfærður á fjölbreyttan hátt. Til urðu allskonar dýr úr verðlausum efnivið. Skemmtilegar dýrasögur urðu til og sum börnin sömdu ljóð allt eftir áhuga barnanna. Börnin stofnuðu Dýravinafélag Skerjagarðs og í sameiningu voru gerðar ákveðnar reglur félagsins, þar má glögglega sjá og koma auga á samkennd og umhyggju barnanna.

Börnin hafa haft vina hund sem komið hefur í heimsókn þar sem þau fengu að spyrja spurninga og læra að þekkja „hundamál“ betur. Það er alltaf sérstaklega ánægulegt að sjá hvað kennarar hafa mikinn metnað að tengja við grunnþætti menntunnar og hafa það að leiðarljósi í öllu ferlinu og ná að tengja það við viðfangsefnið sem tekið er fyrir hverju sinni.

Lýðræði var einkennandi meðal kennara og barna. Það kom skýrt fram í þeim viðfangsefnum sem tekin voru fyrir í vetur. Við höfum alltaf í huga að nám barna er áskorun þar sem allir taka þátt af áhuga og frumkvæði. Þegar verið var að meta starfið jafnóðum á deildarfundum kom sérstaklega fram hvað lýðræði er haft að leiðarljósi þannig að börnin hafi áhrif á nám sitt og ákvarðanatöku. Börnin eru þáttakendur í gerð stundaskrá mánaðrins þar sem þau ákveða ýmsar upptökur og vettvangsferðir. Börnin skiptast á hugmyndum taka tillit og læra að allir hafa eitthvað til málanna að leggja. Kosningar voru ríkjandi á meðal barnanna um ýmsar ákvarðanir sem tengdust því viðfangsefni sem tekin voru fyrir hverju sinni. Við teljum líka mikilvægt að meta alltaf reglulega hvort það sé enn



áhugi fyrir viðfangsefninu. Dýraverkefnið hefur verið tekið fyrir allt þetta skólaár með elstu börnunum, því alltaf voru að koma nýjar og skemmtilegar hugmyndir hjá börnunum.

Það er líka skemmtilegt og faglegt hvernig var unnið með einnkunnaroð skólans allt þetta skólaár með börnunum þar sem búið að var vinna með þeim í litlum hópum, hvaða merkingu þau hafa í augum barnanna? En ætlunin var ekki að taka þetta með starfsfólki en það var gert fyrst og síðan með börnunum. Því má segja að mat skólans og umbótabótaþættir er alltaf breytilegt. Vinnan með einnkunnarorðin er búin að standa yfir í tvö ár.

Ból er yngri deild leikskólans það voru gerðar breytingar á deildinni útfrá umbótaþáttum síðasta skólaárs. Efniviður og rými deildarinnar var endurskoðað. Okkur finnst þetta ganga vel þar sem hver kennari á sína starfstöð og er með fyrirfram ákveðin verkefni/ eða leikefni, allt er aðgengilegt, það skilar sér í betra flæði á deildinni. Haldin er myndræn skráning á deildinni á hverju svæði þannig að hægt sé að fylgjast með líðan barnsins og þroska þess. Skipulag á deildinni er betra og svæði skólans betur nýtt. Útikennslan er að skila sér á skemmtilegan hátt með yngstu börnum skólans, á vorin er skordýraskoðun leitað er að ánamöðkum og öðrum skemmtilegum smápöddum. Mikið um vettvangsferðir á opin græn svæði í nágrenni leikskólans.

Í umbótaáætlun næsta árs verður unnið með barnahópin, hann verður aldurskiptur í flæðinu. Það kom út í mati deildarinnar að starfsfólk vill hafa betri yfirsýn yfir sinn aldushóp.

Faghópur skólans fór í námsferð til London á ráðstefnuna Bett og skoðaður var leikskóli þar og fengum við innsýn í námskrá skólans. Þessi ferð nýttist vel og við vorum heillaðar hvernig þau fléttuðu læsi inn í allt sitt starf. Öll svæði skólans voru læsis hvetjandi, hvort sem það var inni eða úti. Sama má segja um skipulagt starf og í frjálsum og skapandi leik. Við erum nú þegar byrjaðar að endurskoða læsistefnu skólans og ætlunin er að hafa það sem einn umbótaþátt Skerjagarðs.

Við erum stolt af okkar kennurum sem eru dugleg að afla sér nýrrar þekkingar og miðla til annara kennara sem nýtist í starfi með börnunum. Það er alltaf gott að sjá hvað jákvæðni og gleði skilar sér í góðu leikskólastarfi. Það koma alltaf nýjar hugmyndir á hverju ári núvitundin kom eftir ráðstefnuna leikur að læra og læsi eftir heimsóknina til London.

Við á Skerjagarði störfum á jafnréttisgrundvelli allir vinna sem ein heild þannig að kennarar hafa trú á gæðum í leikskólastarfinu. Síðasta skólaár var gott og við hlökkum til næsta skólaárs.

1 Innra mat Ból

Umbótaþættir útfrá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs. Það urðu breytingar eftir að rými og efniviður deildarinnar var endurskoðað. Starfsfólk fannst munur á hvað efniviður skólans var sýnilegri og aðgengilegri. Auðveldara var vinna skapandi starf og ýmis verkefni með börnunum.

Svæði innan deildarinnar þar sem unnið var með ákveðin efnivið eins og vatn, liti og leir var betur nýtt t.d í ýmis gólfverkefni. Svæði fyrstu hæð skólans var nýtt mun betur en gert hefur verið eins og matsalur skólans er orðin ein af kennslustofu Bóls enda bjartur og fallegur. Flæði er því mun betra á deildinni. Þegar farið var að skoða eftir covid hvernig skipulagið var þá, sáum við að litlar samverustundir komu vel út bæði fyrir börn og starfsmenn og verður áhersla á það næsta vetur að hafa samverustundir litlar.

Það kom fram í mati deildarinnar hvað það væri erfitt fyrir starfsmenn að fara á milli aldurshópa í flæðinu. Bæði að halda utan um barnahópinn kynnast honum og halda utan um verkefni og vinna með þau áfram. Áhersla verður á tvo umbótaþætti á næsta skólaári sem er að aldurskipta flæðinu með áherslu á skapandi starf og frjálsa leikinn. Þannig að það verða lykilstarfsmenn með eldri og yngri hópa. Þannig fá þeir betri yfirsýn yfir barnahópinn. Eins ætlum við að Innleiða meira læsi á deildinni og skipuleggja Lubbastundir í litlum samveruhópum.

Við teljum okkur hafa náð þeim umbótaþáttum sem við settum okkur á síðasta skólaári að efniviður og svæði hafa verið endurskipulögð sem mun nýtast vel í umbótaþáttum fyrir næsta skólaár.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæði deildarinnar verður aldurskipt í skapandi starfi og í frjálsum leik.	Starfsfólk sé öruggara og hafi betri yfirsýn yfir hópn. Efniviður verður meira krefjandi á svæðunum.	Hvernig framkvæmum við það? Starfsmenn fyi ákveðnum aldri barna . Ákveðin efniviður verður í boði.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Allir starfsmenn, deildarstjóri og leikskólastjóri leiða verkefnið.	Sept 2020	Apríl	Hvaða aðferðir á að nota? Farið hálfsmánaðrlega yfir á deildarfundum farið yfir gátlista sem notað er í flæðinu. Deildarstjóri og leikskólastjóri fara yfir þessa þætti í leiðbeingarviðtölum og stafsviðtölum.	Að stafsmenn séu öruggari hafi betri yfirsýn með sinn aldursþóp Starfsmenn verði öruggari og líði betur með efniviðin útfrá þroska og getu barnanna.
Innleiða Lubba stundir í litlum samverustundum.	Ýta undir læsi. Að allir fá metnað þekki mikilvægi læsis og hafi áhrif á nám barna.	Innleiða Lubba með námskeið í september 2020. Lubbastundir tvisvar í viku í litlum hóp.	Lykilstarfsmenn í yngri og eldri hóp. Með aðstoð deildarstjóra.	Sept 2020. Eftir starfsdag.	Maí 2020	Á deildarfundum umræður. Gátlisiti til starfsmanna hvernig gengur að tileinka sér Lubba.	Starfsfólk sé virk í samverstund öðlist þekkingu á mikilvægi á Lubbastunda og læsis.



2 Innra mat Bakka

Markvisst var unnið með umbótaþættina með börnunum. Einkunnarorðin voru höfð að leiðarljósi Gleði, frumkvæði, sköpun. Það var gerð athugun að mæla gleði á meðal barnanna með opnum spurningum um skólastarfið og lífið og tilveruna í skólasamfélaginu. (Sjá fylgiskjöl). Börnin fengu ýmis tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og starf með því að sýna frumkvæði og hafa rödd. Þau gerðu sína eigin námskrá og komu með tillögur að verkefnum og draumar voru látnir rætast eins og að fara að versla í Bónus, fara í húsdýragarðinn skoða flugvélar og margt fleira. (Sjá fylgiskjöl)

„Það eina sem ég vil læra er að klippa kórónu og festa hana, ég vil fara í húsdýragarðinn til að rannsaka dýrin.“ „Mig langar að fara í fjöruna og finna eitthvað flott eins og marglyttu. Mig langarað læra að búa til kisur.“ „Ég vil fara í húsdýragarðinn og rannsaka dýrin.“ „Mig langar bara sko að gá að því hvað er undir flugvélum.“

Unnið var mikið í sköpun og því fléttað við viðfangsefni sem tekin voru fyrir hverju sinni. Gaman var að sjá hvað allir unnu ólík verk.

Í svörum og verkum barnanna eru einkunnarorð skólans áþreifanleg og sýnileg, það sáum við glögg á skráningum úr starfinu. Haldin var sýning fyrir foreldra á verkum barnanna í júní þar sem það var sýnilegt hvernig einkunnarorð skólans eru sýnileg í öllu starfi leikskólans.

Sjá fylgiskjöl um endurmat og viðmið um árangur.

Í mati deildarinnar kom fram að kennarar vildu dýpka sig meira í læsistefnu skólans og flétta því inn í frjálsan leik, hópastarf og könnunaraðferðina. Einnig kom fram að hafa ferlið í könnunaraðferðinni sýnilegra á deildinni. Fyrir foreldra til að koma með hugmyndir inn í stafið, skapa umræðugrundvöll milli kennara annrasvegar og barnanna hinsvegar, eins til að auðvelda börnunum að fara til baka í ferlinu.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi fléttað inn í allt starf. Ritmál sýnilegra í því viðfangsefni sem verið er að taka fyrir. Innleiða Lubba.	Hafa ritmálið sýnilegt. Tengja ritmálið við viðfangsefnið sem unnið er með hverju sinni. Ýta undir læsi. Að allir fá metnað þekki mikilvægi læsis og hafi áhrif á nám barna.	Hvernig framkvæmum við það? Hafa skrifæri í boði á leikskvæðum. Taka orð úr viðfangsefni sem unnið er með og gera þau sýnileg upp á vegg. (t.d hafið) Innleiða Lubba með námskeið í september 2020. Lubbastundir tvisvar í viku í litlum hóp.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir. Allir starfsmenn, deildarstjórar og leikskólastjóri leiða verkefnið.	Sept 2020	Apríl	Hvaða aðferðir á að nota? Farið hálfsmánaðrlega yfir á deildarfundum. Skoða skráningar í ferlinu. Gátlisiti til starfsmanna hvernig gengur að tileinka sér Lubba.	Að við sjáum að ferlið í könnunaraðferðinni sé sýnilegra. Orð og myndir upp um alla veggi. Starfsfólk sé virkt og öðlist þekkingu á mikilvægi á Lubbastunda og læsis.



2 Ytra mat

Viðhorfkönnun foreldra barna í leikskólanum Skerjagarði fór fram á vegum skóla-og frístundasviðs. Könnunin fór fram 21.mars- 8. maí. 2019 Við vorum ánægð hvað við komum vel út og hvað margir tóku þátt. Við fengum líka skemmtilegar athugasemdir frá foreldrum og létum reyndar vita af þeim. Foreldrar hefðu gjarnan viljað taka báðir þátt en eingöngu annað foreldri fékk að taka þátt. Það komu margar jákvæðar athugasemdir frá foreldrum sem var einstaklega gott fyrir starfsmannahópinn. Meðal annars þessi.

„Skerjagarður er framúrskarandi leikskóli sem setur hagsmuni hvers barns í forgang. Hver einstaklingur fær að blómstra þar sem styrkleikar þeirra liggja. Ég hef ávallt geta hringt, spjallað, sent tölvupóst, ef mig vantar ráðleggingar varðandi uppeldi á syni mínum. Ég einfaldlega elska allt við þennan leikskóla, starfsmennina og sálina sem fylgir húsinu“.

Þó svo að við komum vel út í öllum þáttum þá var einn þáttur gulur viljum við bæta úr því. Við setjum inn einn umbótaþátt út frá niðurstöðum ytra mats.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.	Að hverju er stefnt? Virkja foreldra í starfinu okkar með börnunum. Fá hugmyndir.	Hvernig framkvæmum við það? Betra og oftar Upplýsingaflæði til foreldra í föstudagspósti vikulega. Fá hugmyndir bækur eða efnivið fyrir könnunaraðferðina Hugmyndir að öðruvísiðögum hvetja foreldra að ræða líka við börnin.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildarstjórar og leikskólastjóri.	Sept. 2020	Maí 2020	Hvaða aðferðir á að nota? Á fundi með foreldraráði að vori. Fagfundi reglulega.	Allir séu upplýsir vikulegir póstar til foreldra. pósti. Foreldrar koma með hugmyndir og tillögur fyrir starfið.



3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Nýir starfsmenn/kennarar voru teknir í leiðbeingarviðtöl það gerum við reglulega. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi. Deildarstjórar hafa lagt sig fram að hrósa starfsfólki sínu og hvetja það til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott. Í starfsþróunar viðtölunum kom það skýrt fram að þeir fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Starfsfólk langar að sækja námskeið um samskipti barna og tengja það við núvitund það kviknaði þegar starfsmenn fóru á námskeið hjá leikur að læra. Eins kom vel fram að starfsfólk hefur áhuga á að sækja Blæ námskeið hjá Barnaheillum. Leggja meiri áherslu á læsi á báðum deildum. Ætlunin er að hafa Lubba námskeið fyrir alla í haust. Einng verður stefnt á að faghópur Skerjagarðs fari á ráðstefnu um læsi sem haldin er á Akureyri í haust.

Starfsþróunarsamtöl : Starfsþróunarsamtal fara fram á skrifstofu leikskólastjóra einu sinni á ári og fá starfsmenn þá punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fara fram í mars-maí. Leiðbeiningarviðtöl eru á þriggja til fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð.

Símenntun frá síðasta ári

- Ráðstefna Leikur að læra haldið í Hveragerði.
- Tveir kennarar kynntu könnunaraðferðina hjá Mímir símenntun (leikskólastjóri/deildarstjóri)
- Virkni í starfi Sara Dögg Guðmundsdóttir (Allir)
- Skyndihjálparnámskeið (Allir)
- Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar (leikskólastjóri og aðstoðarst.)
- Námskeið um vináttu Barnaheill (4 starfsmenn/kennarar.)
- Bett- ráðstefna og skoða leikskóla í London kennsluaðferðir og námskrá (4 kennarar/ faghópur)

Áætlun um símenntun í leikskólanum Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaráætlun á hverju ári. Starfsþróun leikskólans fyrir næsta skólaár er að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem býðst og tengist starfi leikskólans. Það sem búið er að ákveða fyrir næsta skólár er:

- Lubba námskeið á starfsdegi í sept.
- Námsferð erlendis dýpka okkur í skapandi starfi Reggio, ef covid leyfir. (starfsdagar vor)
- Ráðstefna um læsi, Akureyri.(faghópur í sept)



4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna er á milli leik- og grunnskóla, Aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga. Það verður sérstaklega lögð áhersla á styrkleika barnsins og áhugasvið þess einnig hagnýt atriði sem gætu hjálpað barninu við flutninginn. Einnig hafa börnin svarað spurningum um sjálft sig sem þau telja að sé gott fyrir kennarann að vita. Það form var ákveðið á sameiginlegum fundi leik- og grunnskóla í maí 2019 en öll börn í Vestubænum gera litla bók. Börnin á Skerjagarði eru búin að gera bók þar sem kemur fram væntingar til skólans og hvað þeim finnst skemmtilegt. Önnur gögn sem kennarar skila af sér á milli skólastiga eins og niðurstöður úr Hljóm – 2 og öðrum athugunum þurfa foreldrar að gefa skriflegt samþykki fyrir.

Samstarf Melaskóla og Skerjagarðs.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
23 janúar 2020 kl.: 10:00. (Óstaðfest vor 2021)	Börnin kynnast Bókasafni skólans og fá að skoða skólastofu.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
14. maí 2020 kl:1300 Skilafundur vegna barna sem eru að fara í Melaskóla haust 2020 (Óstaðfest vor 2021)	Farið yfir niðurstöður Hljóm-2 og umsögn með börnunum. .	Melaskóli.	Kennarar beggja skólastiga.
27 maí kl 13:00 (Óstaðfest vor 2021)	Kynnast Selinu frístund.	Melaskóli	Frístund og kennarar Skerjagarðs.

Dagsetningar fyrir næsta skólaár eru ekki komnar 2020-2021.

5 Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðmenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september.

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Katrín Ólöf Egilsdóttir gjaldkeri
- Súsanna Pétursdóttir formaður
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Guðrún Dóra Steindórsdóttir ritari.

Framkvæmd starfsins

- Að hafa gaman saman og foreldrar hafi tækifæri á að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Efla samvinnu og samskipti leikskólans við fjölskyldur.
- Að stuðla að góðu upplýsingastreymi til foreldra.
- Að gagnkvæm virðing ríki á milli starfsfólks og foreldra
- Standa fyrir fræðslukvöldi fyrir foreldra á hverju skólaári reyndar ekki í ár vegna aðstæðna.
- Foreldrafélagið sér um uppákomur fyrir börnin fyrir utan leikskólatíma meðal annars: bío í leikskólanum, húsdýragarðinn og sleðaferð.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið, foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum. Jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi í maí gefur foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð, reyndar ekki ár þá hefur leikskólinn séð um veitingar vegna covid. Eins hefur verið farið í sveitaferð með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans en ekki í ár.

Upplýsingagjöf

Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu. Þessar uppákomur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnst, skiptast á skoðunum og sameinar alla aðila um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, Karellen fyrir foreldra, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflum í fataklefum. Einnig hefur foreldrafélagið verið með í ráðum ef einhverjar breytingar verða á skólastarfi, þá er það lagt undir foreldraráðið.



Foreldrafundir og foreldraviðtöl

- Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra. Þar sem við kynnum fyrir þeim starfið á Skerjagarði og hvernig þátttökuaðlögun er háttað. Væntingar foreldra til leikskólans eru ræddar ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um barnið. Það er gert í lok maí og byrjun júní.
- Foreldrakynning á báðum deildum er að hausti 23-24 september þar sem starfið og starfsfólk er kynnt.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á starfsári að hausti og vori

Þar er farið yfir almennan þroska og líðan barnsins ásamt væntingum foreldra til leikskólans. Farið er yfir einstaklingsnámsskrá og ferilsbók. Vegna covid og aðstæðna í þjóðfélaginu var ákveðið í samráði við foreldra að bjóða upp á að koma í viðtal eða hafa símafund lögð var áhersla á hvað hentaði foreldrum.

Hvernig er samskiptum við erlenda foreldra háttað

Þegar barn byrjar í leikskólanum þá er fyrsta viðtal við foreldra þar sem við tölum um væntingar foreldra, menningu og annað sem tengist barninu. Á Skerjagarði berum við virðingu fyrir þörfum og skoðunum annarra. Stjórnendur skólans hafa tekið að sér að miðla til starfsfólks ef það eru sérstakir þættir sem hafa þarf í huga varðandi hvert barn af erlendum uppruna. Með því að ýta undir fjölmenningu stuðlum við að mannréttindum, lýðræði og jafnrétti. Fagfólk leikskólans sér um að miðla til annarra starfsmanna og foreldra og að markmiðum og leiðum sé náð í fjölmenningu

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá viðhengi. Skipulagsdagar í Melaskóla eru ekki komnir á hreint fyrir næsta vetur.



3 Fylgigögn

3.1 Fylgiskjal 1 - Matsblöð fyri Ból

3.2 Fylgiskjal 2- Gátlisti fyri Ból og Bakka

3.3 Fylgiskjal 3- Mat á einkunnarorðum skólans

3.4 Fylgiskjal 4 – Gátlisti fyrir Lubbastund

3.5 Fylgiskjal 5 - Leikskóladagatal

3.6 Fylgiskjal 6- Umsögn foreldraráðs

Sóldís Harðardóttir

19. Júní 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2020 – 2021 Leikskólinn Skerjagarður

Foreldraráð leikskólans skipa:

Súsanna Pétursdóttir

Katrín Ólöf Egilsdóttir

Guðrún Dóra Steindórsdóttir

Dagrún Davíðsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Skerjagarðs hefur fengið starfsáætlun Skerjagarðs fyrir árið 2020-2021 til yfirlestrar og lýsir ráðið yfir mikilli ánægju með áætlunina, sem og starfið sem unnið hefur verið síðasta árið. Að mati ráðsins er á leikskólanum Skerjagarði unnið alveg sérstaklega metnaðarfullt, faglegt og gott starf þar sem mikið er miðað við áhugasviði barnanna sjálfra og það fléttað saman við eflingu félagsfærni barnanna sjálfra.

Þetta síðasta skólaár hefur auðvitað verið alveg ótrúlega skrítið og aðstæðurnar sem uppi voru á vorönni voru sannarlega fordæmalausar. Miklar og stífar kröfur voru lagðar á starf leikskólans og

leysti starfsfólk leikskólans hið erfiða verkefni alveg einstaklega vel af hendi. Ekki upplifðu foreldrar að neinn afsláttur væri gefinn á faglegu starfi innan leikskólans þrátt fyrir að sóttvarnareglurnar settu miklar kröfur á starfsfólk og stjórnendur skólans, en alltaf fundu starfsmenn lausnir á öllum þeim vandamálum sem upp risu. Foreldraráðið vill nota tækifærið og hrósa og þakka stjórnendum og öllum starfsmönnum leikskólans alveg einstaklega vel fyrir sitt framlag þetta erfiða vor.

Í faglegu starfi skólans var áfram mikil áhersla á lýðræði og lýðræðislega ferla til að efla þátttöku barnanna sjálfra í öllum ákvarðanatökum er varða nám þeirra. Einnig var unnið í að efla núvitund barnanna og styrkja innri ró þeirra og kenna leiðir til að auka sjálfstjórn.

Útikennslan hélt einnig áfram að eflast og dafna utan sem innan leikskólalóðarinnar. Þá hefur þátttaka leikskólans í vináttuverkefni Barnaheilla þar sem markmiðið er að efla jákvæð samskipti í barnahópnum gengið einstaklega vel.

Samskipti foreldra og starfsmanna eru mjög góð, almennt finna foreldrar fyrir að starfsfólki er mjög umhugað um velferð barnanna og að vel sé hugsað um börnin á Skerjagarði. Þáttaka foreldra í starfi leikskólans er ávallt boðin velkomin og vel er í það tekið ef foreldrar koma með athugasemdir eða tillögur að úrbótum í starfi.

Mjög ánægjulegt er að sjá að starfsandinn á leikskólanum heldur áfram að vera einstaklega góður, enda er ánægja starfsmanna mikilvæg til að skapa nauðsynlega festu í starfi skólans, sem svo skilar sér í aukinni ánægju barnanna.

Hin mikla gleði sem sést hjá bæði börnunum og starfsfólki leikskólans er afskaplega einkennandi fyrir starfsemi Skerjagarðs, en einnig ber að nefna hina miklu virðingu fyrir börnunum sjálfum og áhuga þeirra sjálfra sem einkenna hið frábæra starf sem unnið er á leikskólanum Skerjagarði.

Leikskólinn Skerjagarður heldur áfram að skara fram úr og sinna sínu mikilvæga hlutverki af alúð og miklum áhuga.





Matsspurningar fyrir Ból : Deildarfundir og starfsdagar:

- Hvernig gengur flæðið? má einhverju breyta?

Hugmyndir til að auðga leikinn eins og í hreyfingu og fl.

Gott væri að fá grjónapíða, fleiri bolta, hringi. blöðrunn. fakkulit.
Gengur vel að skipa í hópum má breyta með
t.d. að hafa sér flæði fyrir yngri hóp og
eldri hóp og lyki kennara fylgja sínum aldursbópi

- Samverustundir eru þrískiptar í hádegis.

Kemur vel út þarftum að hafa minni
stundir á morgnanna líka 3-4

- Eldri hópar í flæði viljum við nota einn morgun af flæðinu í Blæ stund?

Blæ stundirnar hafa komið vel út í
Gledigardi við viljum halda því
yngri börnin husta á lögin og dansa

- Viljum við taka Lubbastundir markvissar inn til dæmis með málhljóð vikunnar?? Viljum námskeið

Já gott að nota samverustundir á morgnanna
fyrir flæði eða fyrstu mínútur í flæði/vit

- Matartímar viljum við breyta einhverju eða er allt gott? T.d börnin velja sér sæti elstu tvö
borðin. Skammta sér sjálf t.d grænmeti hugmyndir út frá lýðræði.

Gekk vel fram að Covid. þá öllu breytt.
en börni ákveða magn nikið/litid og
hugð þau fá sér að borða. Yta undir
að smækka allt en engin þrassa.

- Fataklefinn er eitthvað sem við viljum bæta þar:

Passa upp á fjöðan af börnunum.

- Á morgnanna hafa nokkur börn og kennara inn af rennihurðinni. Hafa hurðina lokaða. Hafa
verkefni á borði í eldhúsi og á deildinni.

Gengur vel flesta morgna. Viljum
sjá meiri virkni, kennarar festi sig
á svæðinu

- Getum við eitthvað breytt uppröðun á skilríminu þannig að það væri hægt að hafa
dúkkukrók og verðlaust efni til að leika með eins og mjólkurfurnur og fl.

Já viljum útbúa þemaþassa sem eru
eingöngu notað í flöðinu - bíðot-
sallúð - líbróttadót - Hjóðfari - Skynjun.

- Fara yfir hlutverk dagsins hjá okkur hvernig er að virka viljum við eitthvað öðruvísi
plan/skiptingu er eitthvað óljóst?:

Skipa hvíld yngri - eldri - skipa
Starfsmönnum eftir því. Hvíld - Frágangur

Kaffitímar

Gátlisti: stöðvavinna/svæðaskipting

Mánuður	Starfsmaður

Starfslýsing á svæðinu

<i>Hvaða börn voru á svæðinu.</i>	<i>Dags-setning</i>	<i>Hvað var gert? Skráning í ferlinu.</i>	<i>Hvernig gekk? Voru börnin virk?</i>

Fylgiskjal 3

Hér má sjá nokkur dæmi um svörun barnanna um einkunnarorð skólans:

Hvað langar þig að læra, gera eða búa til í vetur?

Það eina sem ég vil læra er að klippa kórónu og festa hana. Ég vil fara í Húsdýragarðinn til að rannsaka dýrin.

Hvað langar þig að læra, gera eða búa til í vetur?

Mig langar að búa til svona hring með skrauti og mig langar að læra að skrifa. Svo vil ég fara að skoða dýr

Mig langar að fara í fjöruna og finna eitthvað flott eins og marglyttu. Mig langar að læra að búa til kisur. Ég vil fara í húsdýragarðinn til að rannsaka dýrin.

Hvað langar þig að læra, gera eða búa til í vetur:

Mér langar bara sko að gá að því hvað er undir flugvélum.

Mér langar að laga flugvélar, afi getur komið með flugvélinu út á grasið og við getum bara labbað og fengið að skoða hana. Mig langar að læra að sjá undir bíla. Mig langar að læra að töfra.

Við hvað viltu vinna við þegar þú er orðin stór?

Ég vil vera það sem mamma mín er og líka flugmaður eins og afi minn. Ég ætla að fljúga fyrir Ícelandair.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera á Skerjagarði?

Að gera skólaverkefni og það er skemmtilegt að leika. Mér finnst kennararnir skemmtilegir það er gott að vera í leikskólanum.

Við hvað viltu vinna við þegar þú er orðin stór?

Leikskólakennari á Skerjagarði á Bóli, þeir kenna börnunum hvernig á að haga sér á leikskóla eins og á Bakka og Bóli.



Umræður í barna hópnum um einkunarorð skólans:

Hvað er gleði?

- Þegar það er gaman og öllum líður vel.
- Ekki skilja útundan.
- Vera vináttuleikskóli og eiga Blæ bangsa þegar maður hættir.

Hvað er frumkvæði:

- Fá að ráða stundatöflunni stundum. (öðruvísidagar og vettvangsferðir)
- Segja fyrirgefðu.
- Gera Dýravinafélag.
- **Hvað er sköpun:**
- Teikna mynd sem maður vill.
- Gera kórónu þó maður eigi ekki afmæli.
- Búa til dýr sem manni langar.

Gátlisti fyrir Lubbastundir:

Lubbastundir tvisvar í viku fyrir hvern hóp. fara yfir málhljóð vikunnar setja upp á vegg kenna táknið fyrir málhljóðið. Finna orð eða nöfn sem málhljóðið finnst í, setja upp á vegg ásamt mynd (þegar það er hægt) þarf ekki að prenta út bara skrifa. Eitt málhljóð á viku í 4 vikur þá er upprifjun á þessum fjórum málhljóðum í eina viku síðan önnur 4 málhljóð og svo koll af kolli.

- Hvernig gengur mér að halda utan um Lubbastundir? Þarf ég eitthvað að laga?

- Mikilvægt að hafa málhljóð vikunnar sýnilegt með tákni. Hvernig gengur að setja málhljóð vikunnar sýnilegt upp á vegg og tileinka mér að nota táknin með málhljóðinu. ?

- Hugmyndir af Lubbastund:



Skóladagatal 2020 - 2021

Leikskólinn Skerjagarður

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Skírdagur	1 L	Verkalyösdagurinn	1 Þ	
2 S		2 M		2 F		2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M	
3 M	Fridagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	
4 Þ	opnum eftir sumarfrí	4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F	
5 M		5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F	Dagur stærðfræðinnar	5 F		5 M	Annar í páskum	5 M		5 L	
6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómannadagurinn
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S		7 S		7 M		7 F		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F		8 M		8 M		8 F		8 L	Opið hús Skerjagarðs	8 Þ	
9 S		9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ		9 Þ		9 F		9 S		9 M	
10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F	
11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 F		11 M		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 S		11 Þ		11 F	
12 M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M		12 L	
13 F		13 S		13 Þ		13 F	Starfsdagur	13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S	
14 F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M	
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M	Bolludagur	15 M		15 F		15 L		15 Þ	
16 S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ		16 F		16 S		16 M	Sumarhátíð
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Öskudagur	17 M		17 L		17 M		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 Þ		18 F	Starfsdagur	18 S		18 M		18 F		18 M		18 F	Ömmu og afa kaffi yngri	18 F		18 S		18 Þ		18 F	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 M		19 M		19 L	
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S	
21 F		21 M		21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M	Starfsdagur	21 F	Sveitaferð	21 M	
22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur	22 M		22 M		22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ	
23 S		23 M		23 F		23 M		23 M	Starfsdagur	23 L		23 Þ		23 Þ	Foreldraviðtöl Ból	23 F	Starfsdagur	23 S	Hvítasunnudagur	23 M	
24 M		24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M	Foreldraviðtöl Ból	24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F	
25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F	Ömmu og afa kaffi eldri	25 F	Foreldraviðtöl Bakki	25 S		25 Þ		25 F	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F	Foreldraviðtöl Bakki	26 M		26 M		26 L	
27 F		27 S		27 Þ	Foreldraviðtöl Ból	27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S	
28 F		28 M		28 M	Foreldraviðtöl Ból	28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmásunnudagur	28 M		28 F		28 M	
29 L		29 Þ	Foreldrakynning eldri	29 F	Foreldraviðtöl Bakki	29 S		29 Þ		29 F				29 M		29 F		29 L		29 Þ	
30 S		30 M	foreldrakynning yngri	30 F	Foreldraviðtöl Bakki	30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M	
31 M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M			

